

Vopnafjarðarhreppur
Hamrahlíð 15
690 Vopnafjörður

8. apríl 2025
UOS2501488/H.M.V.

Efni: Umfjöllun um eldra frávik og samþykkt úrbótaáætlun vegna frávika í eftirliti 2024

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf Umhverfisstofnunar frá 25. nóvember 2024, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti á urðunarstað Vopnafjarðarhrepps að Búðaröxl þann 20. september 2024. Þann 6. febrúar 2025 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

Staða eldra fráviks:

1. Gr. 3.3 í starfsleyfi [frávik sett fram í eftirliti 24. september 2020]. Leiða skal allt vatn sem safnað er í hreinsivirki áður en það er leitt í Skógalón. Rekstraraðili hefur ekki útbúið hreinsivirki fyrir sigvatn og varðar þetta frávik einnig gr. 3.2. í starfsleyfi varðandi uppsöfnun vatns í urðunarreinum urðunarstaðar (sjá frávik nr. 3 hér að neðan). Fyrri úrbætur miðuðu við að rekstraraðili myndi sækja um breytingu á starfsleyfi þar sem hann taldi óvíst að fyrirkomulag hreinsivirkisins eins og gerð er grein fyrir því í starfsleyfi, myndu skila árangri. Eldri úrbótaáætlanir miðuðu við að skurðir yrðu dýpkaðir í kringum urðunarstaðinn og meðfram vegöxl Norðausturvegar með það markmið að hafa áhrif á stöðu grunnvatns inn á urðunarstaðnum og ná stjórn á fráveitu staðarins. Í kjölfarið sótti rekstraraðili um breytingu á starfsleyfi. Hefur þeirri umsókn verið hafnað og rekstraraðila gert það kunnugt í bréfi, dags 27. mars 2025 frá Umhverfis- og orkustofnun á grundvelli þess að ekki liggur fyrir niðurstaða frá Skipulagsstofnun varðandi framkvæmdina. Verður rekstraraðili að undirbúa nýja umsókn. **Umhverfis- og orkustofnun óskar því eftir uppfærðri úrbótaáætlun varðandi þetta frávik með raunhæfri tímaáætlun sem tekur mið af vinnu vegna undirbúnings fyrir breytingu starfsleyfis og þar til úrbótum hefur verið náð. Frestur til að**

skila inn uppfærðri úrbótaáætlun vegna fráviksins er til og með 30. apríl 2025.

Sex frávik komu fram í eftirliti 2024 er varða:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Óheimilt er að geyma brotamálm umfram þau skilyrði sem koma fram í starfsleyfi. Töluvert magn er til staðar á urðunarstað af brotamálm sem er töluvert umfram það sem rúmast fyrir í einum gámi. Samkvæmt rekstraraðila verður magn úrgangsins unnið niður og því haldið innan viðmiðunarmarka frá og með 1. júní 2025. **Umhverfis- og orkustofnun samþykkir úrbótaáætlun vegna fráviksins. Verður úrbótum fylgt eftir í næsta eftirliti ársins 2025.**
2. Gr. 2.1 í starfsleyfi. Þarf að lagafæra aðkomuhlið inn á urðunarstað og yfirfara girðingar. Ástand þeirra telst ófullnægjandi. Samkvæmt rekstraraðila verður bætt úr ástandi girðinga ásamt lagfæringum á aðkomuhliði fyrir 1. júlí 2025. **Umhverfis- og orkustofnun samþykkir úrbótaáætlun vegna fráviksins. Verður úrbótum fylgt eftir í næsta eftirliti ársins 2025.**
3. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Vatn safnast fyrir í úrganginum. Koma skal í veg fyrir að vatn geti safnast í úrganginum. Samkvæmt rekstraraðila þá er uppsöfnun vatns erfið viðureignar á urðunarstað vegna skorts á halla, en leggur hann fram í áætluninni að vatni verði drenað út í skurð sem og skurður hreinsaður fyrir 1. júlí 2025. **Sjá þarf til þess að framkvæmd sé í samræmi við lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, rekstraraðili skal haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir. Það þarf að taka á þessu frávik í stærra samhengi við eldra frávik sem greint er frá hér að ofan, þar sem bæði varða frárennsli frá urðunarstað. Hreinsivirki er ekki til staðar eins og krafist er í starfsleyfi. Uppfæra þarf úrbótaáætlunina með tilliti til beggja frávika. Frestur til að skila inn uppfærðri úrbótaáætlun er til og með 30. apríl n.k.**
4. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Skráningar vegna innra eftirlits eru ekki til staðar vegna ársins 2023. **Þann 7. mars sl. var ársyfirliti 2024 vegna urðunarsvæðis Vopnafjarðarhrepps skilað, þ.á.m. úrgangsskráningum, niðurstöðum vöktunar, veðurskráningum og sigmælingum. Fráviki er lokið.**
5. Gr. 5.2 í starfsleyfi. Upplýsingar um framkvæmd sýnatöku og mælinga voru ekki aðgengilegar við eftirlit. **Rekstraraðili hefur skilað inn vöktunarmælingum vegna yfirborðsvatns og grunnvatns sem framkvæmdar voru þann 29. september 2023 (sem og 23. september 2024). Fráviki er lokið. Sigvatnsmælingar voru ekki framkvæmdar enda hreinsivirki ekki til staðar, varðar þetta atriði eldra frávik sem fjallað er um hér að ofan.**
6. Gr. 5.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1 maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19 gr. laga nr. 55/2003. Ársyfirliti vegna ársins 2023 var ekki skilað, sem skila ber fyrir 1. maí ár hvert. **Rekstraraðili hefur skilað inn ársyfirliti**

vegna skráninga innra eftirlits fyrir rekstrarárið 2024 og 2023, sem og úrgangsskráningum vegna beggja ára. Fráviki er lokið.

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila með þeim fyrirvörum sem hér að ofan eru gerðir en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti Umhverfis- og orkustofnunar. Óskar stofnunin eftir uppfærðri úrbótaáætlun vegna eldra frávíks (varðar það einnig frávik nr. 3 úr eftirliti ársins 2024), skilafrestur vegna uppfærðrar áætlunar er til og með 30. apríl n.k.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur